

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016, virkjanir í Þjórsá.

Samkvæmt beiðni um endurupptöku Skeiða- og Gnúpverjahrepps dags. 23. september 2010, sbr. bréf dags. 10. febrúar 2011 og 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. febrúar 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 frá 6. apríl 2006.

Breytingin felst í því að:

Á svæðum við Þjórsá þar sem skipulagi var frestað er nú gert ráð fyrir tveimur virkjunarlónum, Hagalóni vegna Hvammsvirkjunar og Árneslóni vegna Holtavirkjunar.

Á svæðum þar sem skipulagi var frestað vegna Núpsvirkjunar, (14 aðrennslisgöng og haugsetningarsvæði) eru svæðin nú skilgreind landbúnaðarsvæði og svæði fyrir frístundabyggð.

Svæði við Hagalón þar sem skipulagi var frestað breytist í svæði til haugsetningar.

Fyrirhugað setlón við Árnessporð vegna Urriðafossvirkjunar fellur brott og er svæðið nú skilgreint sem Þjórsá í núverandi farvegi og landbúnaðarsvæði.

Fjögur ný efnistökusvæði eru fyrirhuguð en eitt þeirra er ekki skilgreint þar sem það mun fara undir fyrirhugað Hagalón. Hin þrjú svæðin eru Sandáreyrar (E6) og tvö svæði við Guðmundareyri neðan Búrfells (E7).

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 18. febrúar 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Íris Bjargmundsdóttir.